

Fundargerð 50. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 9. desember 2009  
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9.00

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir  
(fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þess sátu fundinn Hildur  
Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi  
bókasafna.

1. Fundargerð 49. fundar. – Hildur og Þóra hafa farið yfir skjal um  
tónlistarskráningu samkvæmt umfjöllun skráningarráðs og Þóra sendi drögin á  
vinnuhóp um tónlistarskráningu. Skjalið verður birt á síðu skráningarráðs á vef  
Landskerfis. Fundargerðin var samþykkt.
2. Fræðslufundur skrásetjara 4. desember tókst vel eftir byrjunarörðugleika. 53  
skrásetjarar sóttu fundinn. Verið er að vinna í því að tala inn á glærurnar og  
verða þær og MP3-hljóðskrár birtar á vef Landskerfis.
3. Samráðsfundur Aleflis, skráningarráðs og Landskerfis 1. desember þótti  
einnig takast vel. Fundargerð verður birt á vef Aleflis.
4. Undanþágubeiðnir vegna skráningarheimilda. Undanþágubeiðnir fyrir þrjá  
nýja skrásetjara sem ekki hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði voru  
samþykktar með tölvupósti milli funda.
5. Verkefni gæðahóps. Sigrún Hauksdóttir dreifði skjali um bókfræðigrunn Gegnis  
– indexeringu og lagfæringar en nú stendur fyrir dyrum að indexa Gegni í þeim  
tilgangi fyrst og fremst að gera rafræna efnið aðgengilegt og bæta leit að  
ritröðum vegna fyrirhugaðra breytinga á skráningu ritraða. Gæðahópurinn  
hefur unnið forsögn fyrir vélræna lagfæringu á gagnagrunninum. Villuboðum í  
kerfinu mun fækka og þau sem eftir standa verða marktæk. Beðið er eftir lausn  
á hægagangi í Gegni. – Helstu verkefni gæðahóps árið 2010 verða í  
sambandi við uppfærslu nafnmynda, breytingar á bókfræðigrunni með  
kerfiskeyrslum og tölfræðiverkefni. Lögð verður áhersla á skráningarþátt  
Gegnis og unnið í ritraðarsviðunum. Svið 440 verður áfram leitarbært.  
Endurskoða þarf snið fyrir skráningu frá grunni fyrir öll bókfræðiform og búa til  
verkfæri sem þekkir jafngild 10 / 13 stafa ISBN númer. - Rætt var um  
ráðstefnu sem haldin verður í London 2010 um það hvernig á að taka RDA í  
notkun. Ekki er vitað hvenær vefur RDA verður opnaður áskrifendum en til  
stóð að það yrði gert haustið 2009. Ræða þarf breytingarnar sem munu verða

á umhverfi skrásetjara og þjálfun þeirra. Einnig þarf að hefja vinnu við þýðingu hugtaka yfir á íslensku.

6. Skráningarheimildir. Rætt var um skráningarheimildir og hvort endurskoða þurfi reglur um afturköllun skráningarheimildar. Einnig var rætt um ábyrgðaraðila skrásetjarahópa, gæðastjórnun (hver á að leggja fram vinnu?) og efnisorðagjöf. Hverjir eru virkir skrásetjarar? Þessi mál verða rædd betur á næsta fundi.
7. Rússneskar nafnmyndir. Taka þarf ákvörðun sem fyrst um hvort halda eigi íslenskum umritunarreglum fyrir rússnesk nöfn eða taka upp nafnmyndir frá Library of Congress sem allir hafa aðgang að. Óformlegt erindi þar um hefur verið sent til stjórnar Aleflis. Vísað var á samþykkt í fundargerð skráningarráðs frá 13. maí sl.
8. Önnur mál. Sigrún Hauks greindi frá erindi frá Judith A. Kulhagen hjá skráningarráði IFLA. Skráningarráð IFLA er að undirbúa nýja útgáfu á bókinni „Names of Persons : National Usages for Entry in Catalogues“ sem verið hefur ófáanleg um skeið og Judith þarf aðstoð í sambandi við uppfærslu á íslenskum nafnmyndum. HG og SJM ætla að vera í sambandi við Judith vegna þessa.

Rætt var um ritraðaskráningu, einkum með tilliti til skráningar á skýrslum stofnana og ætlar Anna að taka að sér að hafa samband við þá sem mest sinna slíkri skráningu og boða til fundar með þeim.

Næsti fundur var ákveðinn 13. janúar kl. 9.00.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.10